Nautabú

Á SLÓÐ VATNSDÆLASÖGU
LANDNÁM INGIMUNDAR GAMLA
www.vatnsdalur.is

Þorgrímr á Kárnsá gat barn við frillu sinni, er Nereiðr hét, ok af orðum konu hans var barnit út borit. Ástúðigt var með þeim bræðrum, Ingimundarsonum, ok opt fundusk þeir. Eitt sinn hitti Þorsteinn Þóri, bróður sinn; leiddi Þórir hann á gǫtu. Þorsteinn spyrr þá Þóri, hverr honum þætti fyrir þeim bræðrum. Þórir kvað þat eigi getumál, - „at þú ert fyrir oss um allar ráðagørðir ok vitsmuni.“ Þorsteinn svarar: „Jokull er brjóst fyrir oss um ǫll harðræði.“ Þórir kvazk minnstháttar af þeim, - „fyrir þat, at á mik kemr berserksgangr jafnan, þá er ek vilda sízt, ok vilda ek, bróðir, at þú gerðir at.“ „Því em ek hér kominn, at ek hefi spurt, at Þorgrímr frændi várr hefir látit bera út barn sitt af orðum konu sinnar, ok er þat illa gǫrt; þykkir mér ok með stórum meinum, at þú ert eigi í eðli þínu sem aðrir menn.“ Þórir kvazk hvatvetna mundu til vinna, at þetta hyrfi af honum. Þorsteinn kvazk ok vilja ráð til leggja, - eða hvat muntu vilja til vinna?“ Þórir svarar: „Þat sem þú vill.“ Þorsteinn mælti: „Einn er sá hlutr, er ek beiðumk, en þat er goðorðit til handa sonum mínum.“ Þórir kvað þat vera skyldu. Þorsteinn mælti: „Nú vil ek heita á þann, er sólina hefir skapat, því at ek trúi hann máttkastann, at sjá ótími hverfi af þér; vil ek þat gera í staðinn, fyrir hans sakar, at hjálpa við barninu ok fæða upp, til þess at sá, er skapat hefir manninn, mætti honum til sín snúa síðan, því at ek get honum þess auðit verða.“ Síðan stigu þeir á hesta sína ok fóru þangat til, er þeir víssu, at barnit var fólgit ok þræll Þóris hafði fundit við Kárnsá, ok sá þeir, at breitt hafði verit yfir andlitit ok kraflaði fyrir nǫsunum, ok var þá komit at bana. Þeir tóku barnit ok fluttu heim til Þóris, ok hann fæddi upp sveininn, ok var kallaðr Þorkell krafla; en berserksgangr kom aldri síðan á Þóri; komsk svá Þorsteinn at goðorðinu.

(Vatnsdælasaga, ÍF VIII, 97-98)



Upplýsingar

Þórir hafursþjó bjó að Nautabúi; „það heitir nú að Undunfelli“ segir í Vatnsdælasögu. Þórir var einn sona landnámsmannsins Ingimundar gamla. Segir um Þóri að hann hafi verið „vænn maður og mikill vexti og hafði á sér kaupmanns æði“. Einn sjúkleika átti hann þó við að stríða, en stundum kom á hann berserksgangur og „þótti það þá með stórum meinum um þvílíkann mann, því að honum varð það að engum frama“. Þórir hafursþjó hlaut goðorð í arf eftir föður sinn en sjá má í frásögn Vatnsdælasögu hér að ofan hvernig goðorðið komst í eigu Þorsteins bróður hans og hvernig Þórir vann bug á sjúkleika sínum. Bjargaði hann útburðinum, Þorkeli kröflu, og mun sá er „sólina hefir skapað“ launað honum góðverkið með því að veita honum lækningu. Þorkell krafla átti síðar eftir að verða goði Vatnsdælinga.

Árið 1886 dvaldi fornfræðingurinn Sigurður Vigfússon að Kornsá, en skammt þaðan, sunnan við bæinn, eru svokallaðir Nautabúsmóar. Þar sá hann móta fyrir girðingum og upphækkunum sem auðsjáanlega voru byggingarleifar. Taldi hann að þar hefði bærinn að Nautabúi verið þar sem Þórir hafursþjó bjó. Bær þessi er ekki nefndur í Jarðabókinni frá 1706 og má því ætla að jarðabókarhöfundar hafi ekki þekkt til staðarins. Minjarnar voru rannsakaðar árið 2006 og er ljóst að um fornt býli er að ræða, myndarlegan bæjarhóll með vallargarði í kring. Norðurhluti túngarðsins hefur verið jafnaður út vegna túnasléttunar en bæjarhóllinn sjálfur er óskertur. Grafið var lítið snið í túngarðinn til að freista þess að greina aldur hans út frá gjóskulögum. Ljóst er að hann hefur upphaflega verið byggður fyrir árið 1000 en síðan hlaðinn upp aftur með torfi sem inniheldur Heklugjósku frá 1104. Bærinn hefur því verið í byggð í byrjun 12. aldar. Vatnsdælasaga er talin rituð um 1270 og má þá ætla að bærinn að Nautabúi hafi verið kominn í eyði ef höfundur lítur svo á að Þórir hafi flutt sig suður á nýtt bæjarstæði og kallað „að Undunfelli“. Flutningur Þóris á samkvæmt sögunni að hafa átt sér stað á 10. öld. Hins vegar er ljóst af fornleifarannsókninni að bærinn í Nautabúsmóum hefur verið mun lengur í byggð. Minjarnar voru friðlýstar af þjóðminjaverði árið 1931.

Information

Þórir hafursþjó (Goat-thigh) lived Nautabú, “now called Undunfell,” according to Vatnsdæla saga. He was a son of Ingimundur the Aged, one of the first settlers of Iceland. Þórir is described as “a fine man and big, with a talent for commerce.” He had one ailment: he ran berserk (went into a frenzy) from time to time, and “this was deemed a great fault in such a man, and affected his reputation.” Þórir took over the chieftainship after his father's day. The above account from Vatnsdæla saga tells how the chieftainship passed to his brother Þorsteinn, and how Þórir overcame his illness. He saved the life of an infant exposed and left to die, Þorkell krafla, and he “who created the sun” rewarded him for his good deed by curing him. Þorkell too went on to be chieftain.

In 1886 antiquarian Sigurður Vigfússon lived at Kornsá. Nearby to the south is Nautabúsmóar (Nautabú Moor), where he noticed traces of old buildings and enclosures. He believed this was the site of Nautabú, home of Þórir hafursþjó. The place is not mentioned in the Register of Estates compiled in 1706, so the compilers presumably did not know of it. Research was carried out on the site in 2006, confirming that this was a homestead dating from the early years of Icelandic history: a large farm mound surrounded by an enclosed field. The northern part of the enclosing wall has been levelled, but the hillock itself remains intact. A small trench was dug through the turf wall, in order to attempt to date it by reference to tephra layers, deposited by known volcanic eruptions.

It transpired that the wall was originally built before 1000 AD, and later rebuilt using turf containing tephra from the eruption of Mt. Hekla in 1104. The farmstead was thus inhabited in the early 12th century.

Vatnsdæla saga is believed to have been written down around 1270. As the writer states that Þórir had moved south to a place called “Undunfell,” it is probable that Nautabú was abandoned by the time the saga was written. According to the saga, Þórir is supposed to have moved in the 10th century, but the archaeological evidence clearly indicates that the farmstead at Nautabúsmóar was inhabited long after that. The site has been a listed heritage site since 1931.

FORNLEIFAVERND RÍKISINS

VEGAGERÐIN

Hönnun: Teikn á lofti